



Öryggisþjónusta á Íslandi

Þjónusta við fullorðna

einstaklinga með fjölpættan

vanda og/eða miklar þroska- og

geðraskanir

Kaflí II

Stefna og áætlun

Útgefandi:

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Maí 2022.

frn@frn.is

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/felags-og-vinumarkadsraduneytid/>

Umbrot og textavinnsla:

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/felags-og-vinumarkadsraduneytid/>

©2022 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.

ISBN [Færa inn ISBN-númer]

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Stefna og framkvæmd.....	7
3. Markmið/aðgerðaáætl. 2021-2025	16
4. Kostnaður við uppbyggingu og rekstur þjónustu	19
5. Niðurstöður.....	21

1. Inngangur

Í lok árs 2019 stofnaði félagsmálaráðuneytið til óformlegs samráðs við heilbrigðis- og dómsmálaráðuneytin og Samband íslenskra sveitarfélaga til að fjalla um þjónustu við tiltekna einstaklinga sem þurfa á öryggisþjónustu að halda. Árið 2020 var síðan tekin ákvörðun um að fjalla ekki einungis um stöðu tiltekinna einstaklinga heldur horfa til aðstæðna stærri hóps sem gæti þurft á sérhæfðri aðstoð að halda. Samtöl hafa átt sér stað og munu eiga sér stað við ýmsa hagsmunaaðila um einstaka þætti er lúta að framkvæmd þjónustunnar.

Þessi umfjöllun er unnin í beinu framhaldi af kortlagningu, greiningu og mati á kostum þjónustu við fullorðna einstaklinga með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir.

Markmiðið er að tryggja að þjónusta og skipulag samstarfs ríkis og sveitarfélaga við einstaklinga, sem eru eldri en 18 ára og þurfa á öryggisvistun eða öryggisgæslu að halda, verði í samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og alþjóðlega viðurkennd gæðaviðiðmið.


Umfjöllunin sem hér fylgir snýr að því að skilgreina stefnu og áætlun um þjónustu við markhópinn.

Málefni einstaklinga geta verið flókin og erfið og því oft vandkvæðum bundið að draga einhverjar ábyrgðarlínur með skýrum hætti. Í þessari stefnu er meginlínán að fylgt sé almennum skilgreiningum um að ábyrgð á þjónustu sé sveitarfélaganna, sbr. lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, ítarþjónusta, til dæmis þjónusta við fatlað fólk, fylgi ákvæðum viðbótarlaga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, og loks sé það ríkið sem beri ábyrgð á samræmdri þjónustu á landsvísu og tryggi að einstaklingum sé ekki mismunað.

Í nýrri skipan um Öryggisþjónustu ríkisins er gert ráð fyrir að einstaklingur geti í grunninn komið til dvalar með þrennum hætti:

1. Einstaklingur er dæmdur til tímabundinnar dvalar á grundvelli heilsufarslegrar stöðu í ítrustu öryggisgæslu á réttargeðdeild á grundvelli VII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
2. Einstaklingur er dæmdur til dvalar í öryggisgæslu þar sem boðið er upp á batamiðaða samþætta þjónustu þar sem dómskerfið, heilbrigðisþjónustan og almenn og sérhæfð félagsþjónusta koma að málum.
3. Einstaklingur sem hefur notið þjónustu sveitarfélags á grundvelli laga nr. 38/2018, um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir, er dæmdur til öryggisvistunar á grundvelli lögræðis laga, nr. 71/1997 eða annarra laga.

Verklag í öryggisþjónustu



Jafnframt má gera ráð fyrir þeim möguleika að einstaklingar geti flutt innbyrðis á milli þjónustueininga. Sem dæmi má nefna að upp geta komið þær aðstæður að nauðsynlegt geti talist vegna aðstæðna í lífi einstaklings að hann þurfi tímabundið að flytja úr öryggisgæslu í ítrustu öryggisgæslu. Einnig má gera ráð fyrir að einstaklingur geti flutt frá ítrustu öryggisgæslu í almenna og sértæka þjónustu á vegum sveitarfélaga.

Skipting kostnaðar:

Flestum þeim sem ætlað er að fá þjónustu hjá Öryggisþjónustu ríkisins fá hana á grundvelli dóms. Þá er gert ráð fyrir því að kostnaðarábyrgð verði með eftirfarandi hætti.

1. Ítrasta öryggisgæsla á réttargeðdeild.

Einstaklingur kemur til dvalar á grundvelli dóms og heilbrigðisvanda. Með vísan til laga um heilbrigðisþjónustu eiga allir landsmenn kost á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma eru tók á að veita til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði. Hlutverk réttargeðdeildar í þessu samhengi er því að veita geðheilbrigðisþjónustu sem er forsenda þess að einstaklingur geti í framhaldi notið batamiðaðrar þjónustu í öryggisgæslu.

a. Ábyrgð á kostnaði við þennan þjónustuþátt:

Heilbrigðiskerfið starfrækir sérstaka réttargeðdeild og öryggisgeðdeild sem hafa það hlutverk að bjóða upp á sérhæfða þjónustu við geðröskunum til lengri og skemmri tíma.

2. Batamiðuð þjónusta í öryggisgæslu.

Batamiðuð þjónusta getur tekið við af dvöl í ítrustu öryggisgæslu á réttargeðdeild. Þjónustan er heildstæð og samþætt og hefur það að markmiði að auðvelda leið einstaklings út í samfélagið og/eða í þjónustu á vegum almennrar félagsþjónustu og sértækrar félagsþjónustu sveitarfélaga. Þjónustan byggist í grunninn á þjónustu á hinu félagslega sviði sem kallar þó að hluta á framlag vegna

heilbrigðisþjónustu (lækna og hjúkrunarfólks) og við að tryggja öryggi einstaklinga og aðstoðarfólks.

- a) Hvað varðar aðkomu heilbrigðiskerfisins að öryggisgæslu má gera ráð fyrir því að heilsufarsvandi einstaklings sé enn þá viðvarandi þó svo að tekist hafi að bregðast við honum á réttargeðdeildinni. Hér er því gert ráð fyrir að heilbrigðiskerfið geti verið með viðvarandi þjónustu á þessum vettvangi.
- b) Í þeim tilvikum þar sem hætta er talin stafa af viðkomandi, er það hlutverk ráðuneytanna að tryggja að öryggi einstaklinga sem dveljast á staðnum, aðstoðarfólks og annarra sé ekki ógnað.

Ábyrgð á kostnaði við þennan þjónustupátt:

- a. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir svokallað SIS-A framlag með hverjum og einum einstaklingi.
- b. Ríkissjóður greiði í gegnum félags- og vinnumarkaðsráðuneytið sérstakt öryggisframlag til að tryggja öryggi einstaklings og aðstoðarfólks. Stuðst er við niðurstöður HCR20 mats.

3. Einstaklingur með stuðningsþarfir í þjónustu á vettvangi sveitarfélaga.

Einstaklingur er í þjónustu hjá sveitarfélagi og er þá bein þjónusta þar sem viðkomandi dvelur greidd með hefðbundnu SIS-A framlagi. Hafi viðkomandi notið þjónustu á vettvangi réttargeðdeildar og/eða notið batamiðaðrar þjónustu í öryggisgæslu býður Öryggisþjónusta ríkisins upp á faglega eftirfylgni/stuðning í allt að sex mánuði til þeirra sem veita viðkomandi einstaklingi þjónustu eða eftir nánara samkomulagi. Ráðgjöf og stuðningur er þá veittur og greiddur af Öryggisþjónustu ríkisins.

2. Stefna og framkvæmd

Framtíðarsýn/tilgangur og markmið Öryggisþjónustu ríkisins:

Að veita einstaklingum, sem dæmdir hafa verið á grundvelli hegningarlaga eða sérlaga til að sæta öryggisráðstöfunum, sérhæfða meðferð með:

- Ítrustu öryggisgæslu.
- Öryggisgæslu/vistun.
- Eftirliti.
- Sérhæfðu starfsfólki.
- Meðferð.

Framtíðarsýn og tilgangur þjónustunnar er að tryggja að réttarstaða og lífskjör einstaklinga sem þurfa að dvelja í öryggisgæslu eða öryggisvistun séu í samræmi við almenn mannréttindi og mannhelgi. Við framkvæmd skal tryggja öruggt meðferðarumhverfi í samræmi við gildandi alþjóðasáttmála, lög og reglugerðir, og alþjóðlega staðla. Einnig skal tryggja að til staðar sé ytra eftirlit þannig að ekki sé beitt meiri nauðung en þörf krefur.

Öryggisgæsla og öryggisvistun á Íslandi býður upp á eftirfarandi þjónustu:

- **Ítrasta öryggisgæsla** fyrir einstaklinga sem dæmdir eru ósakhæfir skv. 15. gr. hegningarlaga eða talið er að refsing sé árangurslaus skv. 16. gr. hegningarlaga en nauðsynlegt þykir vegna réttaröryggis að varna því að háski stafi af einstaklingi, sbr. 62. gr. hegningarlaga. Viðkomandi þurfi á sérhæfðri heilbrigðisþjónustu að halda.
- **Batamiðuð þjónusta í öryggisgæslu** fyrir einstaklinga sem hafa fengið dóm skv. 15. eða 16. gr. hegningarlaga, sbr. 62. gr. Viðkomandi einstaklingar eru ekki taldir þurfa á að halda ítrustu öryggisgæslu og fara því beint í almenna öryggisgæslu. Á einnig við um þá sem hafa fengið rýmkun úr ítrustu öryggisgæslu í almenna öryggisgæslu.
- **Öryggisvistun** fyrir einstaklinga í markhópi 2, sem njóta félagsþjónustu í sínu lögheimilissveitarfélagi en þurfa á tímabundinni markvissri og yfirgripsmikilli meðferð að halda. Heimild til vistunar verður í lögræðislögum eða öðrum sérlögum. Ströng skilyrði verða að vera uppfyllt til að beiðni sé samþykkt og tekur dómstóll ákvörðun þar um.
- **Aðrar vægari öryggisráðstafanir**, svo sem eftirfylgd, skilyrði um lyfjameðferð, bann við notkun vímuefna, o.fl. Þessum ráðstöfunum er beitt þegar einstaklingur hefur verið dæmdur skv. 62. gr. hegningarlaga ef þær ráðstafanir eru taldar nægilegar til að varna því að háski verði af viðkomandi. Einnig má beita þeim þegar einstaklingur fær rýmkun úr öryggisgæslu.

Hlutverk öryggisþjónustu er að skapa meðferðarumhverfi þar sem unnið er þverfaglega með einstaklingum án þess að öryggi þeirra eða þeirra sem með þeim starfa sé ógnað. Hún starfar samkvæmt gagnreyndri þekkingu og með batamiðaða þjónustu að leiðarljósi þar sem stuðst er við jákvæða sjálfsmynd

einstaklinga og skapar von um betra líf. Áhersla er lögð á að tryggja heildstæða nálgun og bestu mögulegu félags- og heilbrigðisþjónustu. Hlutverk hennar er að aðstoða einstaklinga við að þróa og styrkja heilbrigð, örugg og sjálfbær sambönd við fjölskyldu og vini þannig að auðveldara verði að aðlagast samfélaginu. Áhersla er lögð á sjálfstjórn og rétt einstaklinga til að lifa innihaldsríku og þýðingarmiklu lífi.

Markmið vistunar og allra öryggisráðstafana er því að hámarka lífsgæði einstaklinga og félagslega aðlögun, að efla kunnáttu, sjálfstæði, stjórn á eigin lífi og lágmarka áhættu.

Til þess að tryggja gæði þjónustunnar er leitast við að tryggja að til staðar sé þekking og færni í aðhlyningu einstaklinga sem þurfa á inngripi að halda á sviði öryggisþjónustu. Þjónustan miðar þannig að því að styðja starfsfólk til menntunar, þjálfunar og þekkingar til að starfa með einstaklingum með alvarlegar raskanir.

Við framkvæmd þjónustunnar er gengið út frá því að einstaklingarnir fái rétta umönnun, á réttum stað og á réttum tíma.

Þrjú meginþættir skilgreina öryggisgæslu:

- Umhverfi.
- Verklag.
- Eftirlit.

Áhersla á ofangreinda þætti er það sem skilgreinir alvarleika öryggisgæslunnar og faglega nálgun starfseminnar. Réttargeðdeild Landspítala er eina úrræðið sem fullnægir þeim skilyrðum að starfrækja ítrustu öryggisgæslu og hefur því hlutverki að gegna við að endurhæfa einstaklinga aftur út í samfélagið og framfylgja ítrustu öryggisgæslu. Byggt á eftirfarandi þáttum:

- Umhverfi:
 - Girðingar, öryggi innviða og öryggiskerfi starfsmanna.
- Verklagi:
 - Stefnumótun, verkferli og reglur.
- Eftirliti:
 - Hærra hlutfall starfsmanna á móti sjúklingum, 1:1 og eða 2:1. Þjálfun starfsmanna í umhverfisþáttum, eftirliti og samskiptum til að tryggja öryggi og ró.

Mismunandi skilgreiningar liggja að baki batamiðaðri þjónustu í öryggisgæslu/öryggisvistun og ítrustu öryggisgæslu. Umhverfi og eftirlit eru þar veigamestu þættirnir. Ítrasta öryggisgæsla leggur meiri áherslu á staðlað umhverfi, aukið eftirlit og skráningu. Batamiðuð þjónusta í öryggisgæslu/öryggisvistun leggur áherslu á samspil íbúa og þátttöku í samfélaginu með einstaklingsbundnu eftirfylgd/eftirliti sem byggist á áhættumati hvers íbúa.

Batamiðuðu þjónusta í öryggisgæslu/öryggisvistun þarf að vera þannig úr garði gerð að þjónustan sé veitt við eins heimilislegar aðstæður og kostur er. Íbúum þarf að standa til boða viðeigandi stuðningur til að árangur náist. Mikilvægt er að þeir geti átt í samskiptum við jafningja sína í samræmi við áhættumat. Það skiptir máli við það að meta samskiptafærni og horfur á almennu heimili og þá um leið þau markmið sem einstaklingur setur sér.

Skilgreiningar á öryggisatriðum þurfa að liggja fyrir og hvernig þær falla að upplifun einstaklinga á eigin heimili. Aðkoma fjölskyldu getur verið mikilvægur þáttur við endurhæfingu einstaklinga út í samfélagið.

Hér er mikilvægt að gera greinarmun á þeirri þjónustu sem veitt er í batamiðaðri öryggisgæslu eða ítrustu öryggisgæslu. Ítrasta öryggisgæsla veldur því að svigrúm fyrir faglegt mat sérfræðinga er þrengra og því að t.d. aðstandendur fara ekki í heimsókn án þess að vera undir eftirliti starfsmanna innan afmarkaðs svæðis. Á það einnig við um heimsóknir viðkomandi til nánustu fjölskyldu þegar það er talið mögulegt. Að lágmarki tveir starfsmenn fylgja einstaklingum í ítrustu öryggisgæslu í allar ferðir sem þeir fara.

Batamiðuð þjónusta í öryggisgæslu/öryggisvistun leyfir það svigrúm að fjölskyldan geti tekið ríkari þátt í lífi sinna nánustu. Fjölskyldan getur því komið í heimsókn og dvalið með sínum nánasta heima hjá honum en slíkt er gert í samvinnu við ábyrgðaraðila heimilis og ef áhættumat leyfir. Jafnvel má gera ráð fyrir að svigrúm sé til þess að einstaklingur geti átt samneyti við aðra án viðveru starfsmanna á heimilinu. Gildir það þó eingöngu innan heimilis öryggisvistunarinnar, en ekki utan þess, þar sem umhverfið býður ekki alltaf upp á aðstæður sem geta tryggt öryggi allra. Á því má þó gera undantekningar, mæli sérstakar ástæður með því.

Hér er því um stigsmun á batamiðaðri þjónustu í öryggisgæslu/öryggisvistun og ítrustu öryggisgæslu að ræða.

Ítrasta öryggisgæsla fer almennt fram innan sérhæfðrar deildar á sjúkrahúsi, en almenn öryggisgæsla/-vistun utan þess. Við ítrustu öryggisgæslu dvelja einstaklingar, dæmdir ósakhæfir sökum alvarlegra geðsjúkdóma, og geta þeir verið hættulegir bæði sjálfum sér og öðrum. Þessir einstaklingar þurfa bæði sérhæfða geðheilbrigðisþjónustu og sérhæft eftirlit hjúkrunar.

Ítrasta öryggisgæsla er hönnuð með öryggi í huga en þó ekki svo að það komi niður á almennri meðferð sjúklinga. Á mótí er batamiðuð öryggisgæsla/-vistun sérhæft búsetuúrræði sem sinnir skammtíma- og/eða langtímavistun einstaklinga sem þurfa á sólarhringsþjónustu og öryggisgæslu að halda. Almenn hafa einstaklingar verið dæmdir skv. 16. gr. hegningarlaga í öryggisgæslu á viðeigandi hæli, heimili eða stofnun og hafa því verið taldir sakhæfir en að fangelsisvist geti jafnvel verið þeim skaðleg og/eða tilgangslaus. Er um að ræða einstaklinga með þroskaskerðingar sem ógna eigin heilsu og öryggi annarra. Jafnframt geta þeir átt við flókinn samskiptavanda að etja og þurfa því eftir atvikum á viðvarandi eftirliti, aðhaldi og meðferð að halda.

Öryggisþjónusta – skilgreiningar.**ÍTRASTA ÖRYGGISGÆSLA**

SKV. 15., 16. OG 62. GR. HEGNINGARLAGA.

RÉTTARGEÐDEILD – LSH.

- Sjúkrahús.
- Sjúklingar.
- Herbergi.

Innra eftirlit starfsmanna:

- Hlutfall starfsmanna á móti sjúklingum, viðmið 1:1.

Ytra eftirlit starfsmanna:

- Hlutfall starfsmanna á móti sjúklingum, viðmið 2:1.

Heimsókn fjölskyldu:

- Takmörkuð við skilgreint rými undir eftirliti.

Heimsóknir sjúklinga til fjölskyldu:

- Takmarkast við skilgreindar heimsóknir undir lágmarkseftirliti tveggja starfsmanna með leyfi ábyrgðaraðila.

Umhverfi:

- Miðað við sjúkrahús og skilgreind öryggisviðmið. Með lokuðum garði.

Meðferð:

- Sérhæfð heilbrigðisþjónusta.
- Lyfjameðferð.
- Atferlismeðferð.
- Ítrasta Öryggisgæsla.

Áherslur á batamiðun í öryggisgæslu og öryggisvistun.**ÖRYGGISGÆSLA**

SKV. 15., 16. OG 62. GR. HGL.

- Heimili.
- Íbúar.
- Íbúðir.

Innra eftirlit starfsmanna:

- Hlutfall starfsmanna á móti íbúum, viðmið 1:1.

Ytra eftirlit starfsmanna:

- Hlutfall starfsmanna á móti íbúa. Samkvæmt áhættumati - 1:1.

Heimsókn fjölskyldu:

- Takmörkuð við íbúð, eftirlit starfsmanna samkvæmt áhættumati.

Heimsóknir íbúa til fjölskyldu:

- Takmarkast við skilgreindar heimsóknir undir lágmarkseftirliti eins starfsmanns með leyfi ábyrgðaraðila/samkvæmt áhættumati.

Umhverfi:

- Miðað við heimili og skilgreinda öryggisstaðla í lokuðum garði.

Meðferð, þjálfun og stuðningur:

- Sértekur félagslegur stuðningur (færni).
- Almenn heilbrigðisþjónusta.
- Sérhæfð hjúkrunarmeðferð.
- Atferlismeðferð/þjálfun.
- Styrking á samfélagslegri færni.
- Fjölskyldustuðningur.
- Annar stuðningur.

ÖRYGGISVISTUN

SKV. NÝRRI LAGAHEIMILD

- Heimili.
- Íbúar.
- Íbúðir.

Innra eftirlit starfsmanna:

- Hlutfall starfsmanna á móti íbúum, viðmið 1:2.

Ytra eftirlit starfsmanna:

- Hlutfall starfsmanna á móti íbúa. Samkvæmt áhættumati – Almenn viðmið 1:1.

Heimsókn fjölskyldu:

- Takmörkuð við íbúð, eftirlit starfsmanna samkvæmt áhættumati.

Heimsóknir íbúa til fjölskyldu:

- Takmarkast við skilgreindar heimsóknir undir lágmarkseftirliti eins starfsmanns með leyfi ábyrgðaraðila/samkvæmt áhættumati.

Umhverfi:

- Miðað við heimili og skilgreinda öryggisstaðla í lokuðum garði.

Meðferð, þjálfun og stuðningur:

- Sértekur félagslegur stuðningur (færni).
- Almenn heilbrigðisþjónusta.
- Sérhæfð hjúkrunarmeðferð.
- Atferlismeðferð/þjálfun.
- Styrking á samfélagslegri færni.
- Fjölskyldustuðningur.
- Annar stuðningur.

Framkvæmd öryggisgæslu á grundvelli dóms:

Einstaklingur er ákærður og sannað fyrir dómi að viðkomandi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi.

Viðkomandi er metinn ósakhæfur eða refsing ekki talin bera árangur skv. 15. og 16. gr. hegningarlaga en einnig metinn hættulegur samfélaginu.

Dómur metur hvort vægari öryggisráðstafanir skv. 62. gr. hegningarlaga nægja til að tryggja að af viðkomandi stafi ekki hætta. Nægi þær getur dómur kveðið á um að viðkomandi sæti tilteknum öryggisráðstöfunum. Ráðstafanirnar og nauðsyn þeirra skulu endurskoðaðar með reglubundnum hætti eins og þegar um meira íþyngjandi öryggisráðstafanir (þ.e. dvöl í öryggisgæslu) er að ræða. Ef viðkomandi er of hættulegur til að sæta vægari öryggisráðstöfunum er hann dæmdur til vistunar í öryggisgæslu.

Eftir að einstaklingur hefur verið dæmdur í öryggisgæslu sendir ríkissaksóknari dóminn til Öryggisþjónustu ríkisins sem tekur við honum og sér til þess að honum verði framfylgt. Matsteymi Öryggisþjónustunnar metur hvort viðkomandi þurfi á íturstu eða almennri öryggisgæslu að halda og þar með hvar einstaklingur skuli vistast. Það er gert á grundvelli mats á geðheilbrigði, áhættumati, stuðningsþörf, auk annarra atriða sem máli skipta.

Öryggisþjónusta ríkisins hefur samband við réttargeðdeild/öryggisgæslustað og aðila þar sem einstaklingur býr/vistast ef hann er ekki nú þegar á þeim stað sem hann var dæmdur í vistun á. Öryggisþjónustan sér um flutning/eftirlit einstaklings á vistunarstað. Verjandi tryggir áður að einstaklingi hafi verið birtur dómurinn og áhrif hans útskýrð með aðkomu réttindagæslumanns fatlaðs fólks ef þörf er talin á til þess að tryggja þarf að einstaklingur skilji hvað muni eiga sér stað.

Ríkissaksóknari sendir Hæstarétti upplýsingar um dóm þar sem einstaklingur þarf að fá skipaðan tilsjónarmann. Héraðsdómur skipar tilsjónarmann samhliða sem skal uppfylla tiltekin skilyrði og sinna skilgreindum skyldum.

Við upphaf dvalar í gæslu skal fara fram skoðun á líkamlegri og andlegri heilsu notanda og upplýsingar skráðar og varðveittar. Einstaklingi eru kynnt lög og reglur sem gilda, þar á meðal húsreglur, verklag, réttindi viðkomandi, skyldur og kvörtunarleiðir. Einnig er gerð einstaklingsbundin meðferðaráætlun við komu. Skal hún bera með sér skýrar félagslegar áherslur um að stefnt sé að þátttöku og virkni einstaklings í samfélaginu eftir að dvöl lýkur. Áætlunin er gerð af þverfaglegu þjónustuteymi starfsfólks og skal einstaklingur einnig hafa aðkomu að henni. Hún skal endurskoðuð reglulega og eftir þörfum.

Á meðan á dvöl í gæslu stendur nýtur einstaklingur almennrar heilbrigðisþjónustu eins og aðrir, en einnig sérhæfðrar þjónustu á grundvelli mats og einstaklingsbundinnar meðferðaráætlunar sem gerð var við upphaf vistunarinnar. Samþykki einstaklings er meginreglan þegar þjónustan er veitt.

Óheimilt er að beita nokkurs konar nauðung nema brýna nauðsyn beri til og ávallt skal beita vægasta úrræðinu sem völ er á. Um þess konar atvik er haldin sérstök skrá þar sem fram koma helstu atriði. Starfsfólk gæslustaða er sérþjálfað í aðferðum til að koma í veg fyrir þörf á beitingu nauðungar og hvernig skuli bera sig að ef nauðsynlegt reynist að beita nauðung. Þjálfun hefur því tvær megináherslur og byggðist á gagnreyndri þekkingu sem er fyrir hendi (varnarviðbrögð við ofbeldi og SAFEWARDS).

Réttindi og skyldur einstaklings í öryggisgæslu/-vistun: Einstaklingar í öryggisgæslu þurfa að fylgja húsreglum og öðrum reglum staðarins sem þeir dvelja á. Reglurnar eru kynntar þeim þegar þeir koma til dvalar og skulu vera aðgengilegar á meðan á dvöl stendur, til dæmis með því að vera hengdar upp á vegg í sameiginlegum rýmum dvalarstaðarins. Þeir sem dvelja í öryggisgæslu njóta ýmissa réttinda, til dæmis varðandi síma-, tölvu- og vefnotkun, herbergi eða íbúð og leyfi úr gæslunni til að heimsækja ættingja. Réttindin og heimildir til að skerða þau eru mismikil eftir dvalarstað og verða skilgreind eftir vægi öryggisgæslu í reglum þar að lútandi.

Öryggisgæsla/-vistun skal ekki vara lengur en þörf er á. Til að tryggja það skal hún **endurskoðuð** með reglubundnum hætti. Öryggisþjónusta ríkisins sér til þess að endurskoðun fari fram á að minnsta kosti tólf mánaða fresti. Þar að auki getur einstaklingur, tilsjónarmaður hans og ábyrgðaraðilar gæslustaðar, sem viðkomandi dvelur á, farið fram á endurskoðun. Þá fer fram mat á sömu atriðum og við dóm og tekið mið af hvernig hefur gengið frá uppkvaðningu hans.

Öryggisþjónustan getur tekið ákvörðun um að einstaklingur skuli fluttur á milli úrræða öryggisgæslu, þ.e. milli ítrustu og almennrar öryggisgæslu. Það er gert á grundvelli mats matsteymisins. Eftir að einstaklingur hefur náð eins miklum framförum og talið er mögulegt í öryggisgæslu þarf dómur að úrskurða um lok dvalarinnar. Hægt er að úrskurða um lok öryggisgæslu með tilteknum skilyrðum, til dæmis að viðkomandi sæti tilteknum vægari öryggisráðstöfunum, svo sem eftirliti eða áframhaldandi meðferð. Nauðsyn á vægari öryggisráðstöfunum skal einnig endurskoðuð með reglubundnum hætti.

Við lok dvalar er húsnæði á vegum sveitarfélags, þar sem viðkomandi á lögheimili, tryggt og tilbúið til notkunar. Ef þörf krefur skal áframhaldandi stuðningur, heilbrigðisþjónusta og félagsþjónusta einnig tryggð. Samskipti gæslustaðar og þjónustuaðila, sem taka við framkvæmd þjónustunnar, þurfa að vera fyrir hendi til þess að tryggja farsæla framvindu.


Framkvæmd öryggisvistunar á grundvelli lögræðislaga eða annarra laga:

Félagsþjónusta sveitarfélaga, meðal annarra, getur óskað eftir því að einstaklingar í þjónustu þeirra fái tímabundna vistun í öryggisvistun á vegum ríkisins. Um skilyrði og málsmeðferð slíkra mála verður kveðið á um í lögræðislögum eða öðrum sérlögum. Áður en komið getur til þess að einstaklingur fari í öryggisvistun þarf sveitarfélagið að hafa reynt til hins ítrasta að veita honum þá þjónustu sem hann þarf á að halda á heimili sínu. Um þjónustu

við þessa einstaklinga gilda eins og um aðra lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, og önnur lög eftir atvikum. Hafi það ekki dugað, tiltekin ströng skilyrði eru uppfyllt og áhættumat og önnur atriði mæla með því, er málið tekið fyrir í samræmi við ákvæði laga. Ef dómstóll samþykkir beiðnina fer viðkomandi einstaklingur í vistun sem getur varað í allt að tólf mánuði. Sé það mat matsteymis að dvöl skuli framlengd skal það gert með ákveðnum meðferðarramma þar sem fram kemur skýr meðferðaráætlun með tímasettum verkþáttum. Markmiðið er að veita einstaklingi sértækan og fjölþættan stuðning, í öruggu, heimilislegu umhverfi, þar sem markvisst er stuðlað að aukinni sjálfstyrkingu og sjálfstæði sem aukið getur lífshæfni og tækifæri til sjálfshjálpar.


Það sem áður sagði um upphaf dvalar, dvalartíma og lok dvalar gildir einnig um öryggisvistun á grundvelli lögræðislaga, annað en það sem varðar dóma og rýmkun.

Ferill - markhópur 1:



Ósakhæfir einstaklingar eða refsing er ekki talin bera árangur. Þeim einstaklingum er ekki refsað og afplána því ekki refsingu, en getur verið gert að sæta öryggisráðstöfunum í þágu almannaöryggis.

Ferill - markhópur 2:



Ferill - markhópur 3:



Hópur einstaklinga sem eru sakhæfir.

Annað



3. Markmið/aðgerðaáætlun 2022-2026

1. Aðgerðaflokkur: kortlagning og greining á stuðningsþörf.

Verkefni: Meta þarf fyrirbyggjandi upplýsingar með samræmdum hætti á landsvísu. Settur verður á laggirnar þverfaglegur starfshópur sem rýnir stöðu þeirra einstaklinga sem sveitarfélög meta að falli að skilgreiningum markhópanna.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, Ráðgjafar- og greiningarstöð- og ráðgjafarstöð ríkisins, og Landspítali.

Tímarammi: 1. nóvember 2022.

2. Aðgerðaflokkur: Stefnumótun.

Verkefni: Frágangur stefnuskjals um öryggisþjónustu á Íslandi.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og dómsmálaráðuneyti.

Tímarammi: 1. september 2022.

3. Aðgerðaflokkur: Lög um öryggisþjónustu á Íslandi.

Verkefni a: Frumvarp til laga um öryggisþjónustu á Íslandi lagt fram á Alþingi.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið og dómsmálaráðuneytið.

Tímarammi: 1. Janúar 2023.

Verkefni b: Lög um öryggisþjónustu á Íslandi taka gildi 1. Júní 2023.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti og dómsmálaráðuneyti.

Tímarammi: Undirbúningur mars 2022 til 1. júní 2023.

Verkefni c: Endurskoðun VII. kafla hegningarlaga samhliða nýjum lögum um öryggisþjónustu.

Ábyrgð: Dómsmálaráðuneytið og félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Tímarammi: Nóvember 2022.

Verkefni d: Endurskoðun annarra laga.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og sveitarfélög.

Tímarammi: 1. desember 2022.

Verkefni e: Endurskoðun laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Tími: 1. júní 2023.

4. Aðgerðaflokkur: Húsnæðismál.

Verkefni a: Bygging húsnæðis undir öryggisgæslu og öryggisvistun á Suðurnesjum.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið og Framkvæmdasýsla ríkisins.

Tímarammi: Lokið 1. nóvember 2023.

Verkefni b: Samstarf við Reykjanesbæ vegna byggingar öryggisgæslu og öryggisvistunar á Suðurnesjum.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Tímarammi: 1. nóvember 2023.

Verkefni c: Samstarf við háskóla og eða aðra fagaðila um uppbyggingu náms fyrir starfsfólk.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, og fagaðilar.

Tímarammi: 1. maí 2021 – 1. júní 2023.

5. Aðgerðaflokkur: Samstarf ráðuneyta.

Verkefni: Mótun verklags fyrir viðbragðsteymi fulltrúa félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið.

Tímarammi: Einn fastur fundur á ári, nema að upp komi sérstakar aðstæður.

6. Aðgerðaflokkur: Fjármögnun.

Verkefni: Seinni hluti fjármögnunar reksturs öryggisgæslu og öryggisvistunar.

Ábyrgð: Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Tímarammi: Fjármögnun liggja fyrir í lok árs 2024.

4. Kostnaður við uppbyggingu og rekstur þjónustu

Öryggisþjónusta fyrir þá sem eru með mikla stuðningsþörf er eðli málsins samkvæmt kostnaðarsöm. Það er einnig alltaf mat hverju sinni hvenær slíkri þörf er fullnægt og hvaða viðmið eigi að setja. Sérstök kröfulýsing, þar sem lýst er þeim markmiðum sem stefnt er að og hvernig innihald og skipulag skuli vera, er ein leið til þess að nálgast þetta markmið. Öflugt innra eftirlit, þar sem þeir sem starfa innan þjónustunnar eru gæðastjórar í sínum störfum og annarra, er nauðsynlegt til þess að markmiðin náist. Jafnframt verður að tryggja að ytra eftirlit/eftirfylgni sé skýrt og öflugt og er kröfulýsing gott verkfæri í því samhengi. Gerðar hafa verið tvær útgáfur af slíkri kröfulýsingu fyrir þá öryggisþjónustu sem starfrækt hefur verið frá 2019. Fyrirliggjandi kröfulýsing verður endurskoðuð í ljósi þeirra áherslna sem koma fram í þessari stefnu og einnig þeirra laga sem væntanlega verða samþykkt á haustþingi 2022.

Þrátt fyrir miklar kröfur til viðhorfa, skipulags og verkferla í starfinu er ljóst að ekki er alltaf unnt að tryggja 100% öryggi. Öryggiskröfur sem því myndu fylgja væru svo íþyngjandi fyrir einstaklingana að þjónustan myndi jafnvel geta snúist upp í andhverfu sína. Einnig mætti gera ráð fyrir að kostnaður við þjónustuna yrði svo mikill að ekki væri mögulegt að réttlæta hann að teknu tilliti til þess ávinnings sem stefnt væri að. Eðli gæðaðþjónustu sem hér er lagt upp með ber þó ætíð með sér þá hugsun að stöðugt sé unnið að nýsköpun í starfinu þar sem reynt er að finna nýjar lausnir og vinna að stöðugum umbótum.

Þær kröfur sem hér eru gerðar hafa tvíþætt markmið sem gætu við fyrstu sýn virkað mótsagnakennd. Oft er því haldið fram að aukinn kostnaður framkalli aukin gæði. Það er að einhverju leyti rétt en þó ekki að öllu leyti.

Í starfinu sem hér er í mótun er markmiðið skýrt. Stefnt er að þjónustu sem ber með sér faglegan, fjárhagslegan og samfélagslegan ávinning. Í því sambandi munu eftirfarandi þættir skipta miklu máli:

1. Öryggisþjónusta á einum/tveimur stöðum fyrir landið allt.

Almennt er talið að með því að veita sérhæfða öryggisþjónustu á einum/tveimur stöðum verði til ákveðin samlegð sem geri það mögulegt að tryggja fagleg viðmið, auka fjárhagslegan ávinning við mannahald og tryggja öryggi í þjónustunni. Sérstaklega á þetta við um þjónustu á nóttunni þar sem hægt er að hafa færri starfsmenn á vakt án þess að draga úr öryggi. Eins er mögulegt að nýta samlegð í mannahaldi á kvöldin. Loks má gera ráð fyrir að hægt sé að draga úr kostnaði með því að nýta samlegð í ýmiss konar stoðþjónustu.

2. Húsnæði sé í samræmi við þarfir íbúa.

Með því að hanna sérstaklega húsnæði með tilliti til þarfa markhópanna og aðstoðarfólks gefst tækifæri til að skapa heimilisaðstæður þar sem bæði notendur þjónustunnar og aðstoðarfólk geta fundið til öryggis sem er nauðsynlegt við þessar aðstæður. Til staðar verður einstaklingsrými og sameiginlegt rými sem getur boðið upp á ýmsa möguleika. Við hönnun húsnæðisins mun verða lögð áhersla á að það verði eins líkt venjulegu heimili fólks og mögulegt er.

3. Þjálfun aðstoðarfólks.

Áður en starfsemi hefst í almennri öryggisgæslu á Suðurnesjum er gert ráð fyrir að allir starfsmenn sem ekki hafa sérfræðiþekkingu á háskólastigi hafi lokið námi sem jafngildir 30 ECTS-einingum. Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur þegar hafið undirbúning að þessu námi og hefur verið rætt við ýmsa aðila vegna þess. Vel þjálfað og undirbúið aðstoðarfólk eykur líkur á að þeim gæðaviðmiðum sem sett eru verði náð og þar með aukist árangur og skilvirkni þeirrar þjónustu sem veitt er.

4. Krafa um gæði.

Í lýsingunni hér að framan birtist skýr hugmyndafræði sem allir þeir sem veita svona þjónustu verða að hafa tileinkað sér. Ef búið er að rötffesta slíka hugmyndafræði þá er leiðin til góðrar þjónustu greið og tryggður sá ávinningur sem stefnt er að.

Áætlaður rekstrarkostnaður við batamiðaða þjónustu í öryggisgæslu og/eða öryggisvistun á árin 2022 -2024

Heildarkostnaður ríkisins á árinu 2022 – er áætlaður um 810 m.kr. Ekki liggja fyrir áætlaðar kostnaðartölur á árunum 2023 og 2024. Frekari greining er í gögnum ráðuneytisins. Kostnaðurinn er skilgreindur á grundvelli þeirrar áætlunar sem áður hefur verið kynnt í þessari skýrslu.

Gert er ráð fyrir því að öryggisþjónusta í öryggisgæslu og/eða í öryggisvistun verði starfrækt undir verkstjórn og á ábyrgð félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins en þó með framlagi annarra þjónustukerfa eins og fram hefur komið hér að framan.

5. Niðurstöður

Í þessari umfjöllun hefur verið gerð grein fyrir helstu áherslumálum við uppbyggingu þjónustu við einstaklinga sem þurfa á öryggisþjónustu að halda á Íslandi.

Í greinargerðinni er gert ráð fyrir því að á hverjum tíma geti sjö til 10 einstaklingar dvalið í öryggisþjónustu sem starfrækt yrði á vegum ríkisins. Verkefnið er byggt á samstarfi þriggja ráðuneyta þ.e. heilbrigðisráðuneyti og dómsmálaráðuneyti, undir forystu félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins.

Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að tveir starfsmenn (stöðugildi) geti veitt sveitarfélögum þjónustu, stuðning við eftirfylgni, einstaklinga sem dvalið hafa í öryggisþjónustunni en útskrifast inn í þjónustu sveitarfélaga.

Rekstrarkostnaður ríkisins frá og með árinu 2022 (miðað við launaforsendur í lok árs 2021) gæti numið um 810 m.kr. á árinu 2022.

Bygging fyrsta áfanga húsnæðis fyrir öryggisþjónustu ríkisins er talin geta kostað um 767 milljónir kr. Gert er ráð fyrir að sú bygging verði tilbúin í loka árs 2023.

Til viðbótar þeirri framkvæmdaáætlun sem kynnt er í þessu stefnuskjali gerir vinnuhópurinn tillögu um að málið verði sett í samráðsgátt stjórnvalda og í framhaldi fyrir ríkisstjórn til umfjöllunar og afgreiðslu eins fljótt og verða má.

